

Stjórn Íslandsbanka hf.  
bt. Hallgríms Snorrasonar, stjórnarformanns  
Hagasmára 3, 201 Kópavogi

Reykjavík, 7. mars 2022

## **Efni: Breytingartillaga og afstaða vegna aðalfundar 17. mars 2022**

Með vísan til auglýsingar um aðalfund Íslandsbanka hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður eftir því að eftirfarandi afstaða komi fram varðandi dagskrárlíð 8 og eftirfarandi breytingartillaga varðandi dagskrárlíð 9 verði tekin til meðferðar á aðalfundinum:

### Dagskrárlíður 8: Starfsreglur tilnefningarnefndar bankans

Gildi-lífeyrissjóður situr hjá við atkvæðagreiðslu varðandi starfsreglur tilnefningarnefndar bankans. Þess er óskað að fundarstjóri geri grein fyrir þessari afstöðu og að hún komi fram í fundargerð. Að mati sjóðsins er tímabært að endurskoða fyrirkomulag tilnefningarnefndar, s.s. með þeim hætti að nefndarmenn séu kosnir beint á aðalfundi.

Þá vekur athygli aðkoma Bankasýslu ríkisins að starfi tilnefningarnefndar og virðist sem störf tilnefningarnefndar bankans afmarkist að meginstefnu við að leggja til stjórnarmenn aðra en þá sem Bankasýslan tilnefnir. Þrátt fyrir að íslenska ríkið sé stærsti hluthafi bankans er þetta fyrirkomulag óvenjulegt og mætti endurskoða að mati sjóðsins.

### Dagskrárlíður 9: Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar (yfirstrikaður texti verði felldur út, undirstrikaður texti verði bætt við):

„Aðalfundur Íslandsbanka hf. haldinn 17. mars 2022 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, ~~t.d. með útboðsfyrirkomulagi~~ þar sem jafnræðis hluthafa er gætt við boð um þátttöku, ~~t.d. með útboðsfyrirkomulagi~~ eða á annan hátt sem stjórnin telur bankanum og hluthöfum hans hagfelld. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2023 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2023 rennur hún út þann dag.“

## **Greinargerð breytingartillögu:**

Fyrirliggjandi tillaga stjórnar gerir ráð fyrir því að stjórn verði í reynd veitt opin heimild til kaupa á eigin hlutabréfum séu slík viðskipti metin bankanum og hluthöfum hans hagfelld að mati stjórnar.

Breytingartillaga þessi gerir ráð fyrir því að sú heimild verði felld út úr fyrirliggjandi tillögu þannig að heimildin standi eingöngu til þess að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum þar sem jafnræðis hluthafa er gætt við boð um þátttöku, t.d. með útboðsfyrirkomulagi.

Kaup eigin hlutabréfa af hálfu bankans eru liður í ráðstöfun fjármuna félagsins til hluthafa þess og eru slík viðskipti liður í því að skila verðmætum, beint eða óbeint, til hluthafa. Er því eðlilegt að ráðstöfun slíkra fjármuna fari fram með almennum hætti gagnvart hluthöfum þannig að jafnræðis sé gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum.

Af þessum sökum eru ekki gerðar athugasemdir við að félaginu verði gert kleift að efna til útboðs um kaup á eigin bréfum enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, svo sem ráð er fyrir gert framfarir í tillögu stjórnar. Hins vegar þykir ekki heppilegt, af framangreindum ástæðum, að félaginu sé mögulega gert kleift að gera einstökum hluthöfum, s.s. íslenska ríkinu, eða hópi þeirra tilboð um kaup á eigin hlutabréfum án þess að aðrir hluthafar hafi möguleika á þátttöku. Lögð er til örlítil tilfærsla á textanum „t.d. með útboðsfyrirkomulagi“ til að leggja áherslu á að jafnræðis skuli gætt í öllum tilfellum sama hvaða aðferð sé beitt.

Hafi félagið fjármuni til ráðstöfunar til hluthafa er eðlilegt að þeim sé skilað til hluthafa með almennum hætti. Þetta getur til dæmis verið gert með arðgreiðslu, með almennri endurkaupaáætlun þar sem ljóst er fyrirfram hvernig félagið stendur að endurkaupum og í hvaða umfangi, eða með almennu tilboði til hluthafa. Tilboð til eins hluthafa eða afmarkaðs hóps þeirra án þess að öðrum hluthöfum sé á sama tíma gefið færi á þátttöku er ekki ákjósanlegt að mati sjóðsins. Miðað við atvik hverju sinni gæti verið að hluthafar hafi ekki áhuga á óbeinni aukinni fjárfestingu í félaginu og hafi áhuga á sölu á sömu skilmálum.

Nauðsynlegt er að mati sjóðsins að heimildir stjórna til kaupa á eigin hlutum séu skýrar og afmarkaðar m.t.t. umfangs þeirra, tilgangs og verðlagningar. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er því lögð fram til að skýra betur og afmarka umboð stjórnar vegna heimilda til kaupa á eigin hlutum.

Reykjavík 7. mars 2022

**Gildi-lífeyrissjóður**